

## Gjaldskrá fyrir meðhöndlun úrgangs í Vestmannaeyjum

### 1.grein

Gjaldskrá þessi er unnin og sett í samræmi við ákvæði 23. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar. Hún er í samræmi við samþykkt um meðhöndlun úrgangs í Vestmannaeyjum nr. 761/2005.

### 2.grein

Samkvæmt álagningu gjalda sem samþykkt var í bæjarráði þann 14. desember síðastliðinn nema gjöld fyrir sorpeyðingu og sorphreinsun eftirfarandi:

Sorphreinsun á íbúð **21.462** kr. á ári

Sorpeyðingargjald á íbúð **48.481** kr. á ári

Umrædd gjöld ná til um 50% af heildarkostnaði við sorphreinsun og sorpeyðingu.

Samkvæmt nýsamþykktum lögum ber sveitarfélögum að innheimta heildarkostnað sorpeyðinga- og sorphreinsunargjalda með álagningu á þá einstaklinga og fyrirtæki miðað við það magn sorps sem losað er. Til stendur að innleiða kerfi sem mælir losun einstakra fyrirtækja og heimila á þessu ári. Þegar því er lokið mun mismunur á ofangreindri sorpeyðingar- og sorphirðugjalda innheimtast miðað við það magn sorps sem losað er.

Mismunurinn verður lagður á í sérstakri álagningu síðar á árinu.

Heiti	pr/m3	Skýring
Óflokkaður blandaður rekstrarúrgangur	34.425 kr.	Óflokkaður úrgangur, t.d. lífrænn úrgangur blandaður rekstrarúrgangi.
Blandaður Rekstrarúrgangur	22.954 kr.	Almennt sorp, spillt endurvinnsluefni
Lífrænn úrgangur	6.257 kr.	Ómengaður lífrænn úrgangur (ekkert plast eða utanaðkomandi, sláturúrgangur er undanskilinn v/beina)
Ólitað timbur	6.257 kr.	Bretti, ómálað timbur
Litað timbur	10.429 kr.	Gagnavarið, málað, spónlagt o.fl.
Óvirkur úrgangur (urðun)	6.257 kr.	Gler, jarðvegur, steypubrot
Veiðarfæri	34.425 kr	
Endurvinnsluefni	0 kr.	Pappi, plast, hjólbarðar, málmar, landbúnaðarplast, raftæki
Garðaúrgangur	0 kr.	Gras, trjágreinar, lauf
Annað		Skv tilboði.
Spilliefni		Skv. gjaldskrá móttökustöðva (Efnamóttakan)
Sóttmengaður úrgangur		Skv tilboði

Öll verð eru án VSK

Heimilt er að innheimta kostnað vegna umfram meðhöndlunar á úrgangi frá úrgangshafa, gjöld vegna þessa skulu ekki vera hærri en sem nemur raunkostnaði vegna umfram meðhöndlunar. Undanþegin magngjaldtöku eru bifreiðar sem bera úrvinnslugjald.

### 3.grein

Hægt er að nálgast flokkunarreglur á vef bæjarins [www.vestmannaeyjar.is/sorp](http://www.vestmannaeyjar.is/sorp) eða í síma 4882530.

Allar upphæðir eru án vsk.

Gjaldskrá þessi, sem er samþykkt af bæjarstjórn Vestmannaeyja þann 23.febrúar 2023, öðlast gildi þegar í stað. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá nr. 197/2021 um meðhöndlun úrgangs í Vestmannaeyjum.

Vestmannaeyjum 30.janúar 2023

Brynjár Ólafsson

Brynjár Ólafsson,  
framkvæmdastjóri

